

## Nýjar plötur

## VANDAÐIR GÖTUSKÓR

Skógerð Spilverks þjóðanna hefur heppnast með ágætum



Upptakan fór fram í Hafnarfirði í september og október síðastliðnum og voru notaðir til hennar rúmlega 200 upptökutimar sem mun vera allmikilið á íslenskan mælikvarða.

Auk Spilverkanna koma fram á plötunni ýmsir valinkunnir hljóðfæra leikarar sem aðstoða við flutning, má þar nefna Guðnýju Guðmundsdóttur fiðulleikara og konsertmeistara, Ninu Flyer, selló, Gunnar Egilsson, klarinett, Gunnar Ormslev, saxófón, Guðmundur Steingrímsson, trommur, Sigurður Karlsson, trommur, Lárus Grímsson, orgel, Þórður Arnason, gítar og Helgi Guðmundsson, munnharpa.

Greinilegt er að Spilverkið hefur lagt mikla vinnu og alúð í gerð þessarar plötu. Ber þá fyrst að nefna tónlistina sem er kunnáttusamlega samin auk þess að vera vel flutt.


Út er kominn á vegum Steinars h.f. ný hljómplata, með Spilverki þjóðanna hin þriðja í röðinni, en Spilverkið skipa þau, Valgeir Guðjónsson, Egill Ólafsson, Sigurður Bjóla og Sigrún Hjálm-týsdóttir.

Platan sem ber heitið Götuskró hefur að geyma 15 lög öll samin og útsett af Spilverkinu. Textar við lögina eru allir á íslensku og eru þeir samdir af þeim Spilverksmönnum, utan einn sem Spilverkið hélt vera eftir Þorstein Valdimarsson, en reyndist þegar til kom hafa skolast allverulega til í höndum þeirra. Engu að síður veitti skáldið góðfúslega leyfi sitt til að hinn breytti texti birtist, en fyrirmyndin er þó birt til hljóðsónar.

Engu að síður er freistandi að taka nokkra valda texta út úr og stilla þeim upp sem fullgildum ljóðum, en það er önnur saga. Ekki ersvohægt að skrifa svo um plötu þessa, að ekki sé minnst á plötuumslagið sem Þorbjörg Höskuldsdóttir hefur unnið og minnst blaðamaður þess ekki að hafa séð annað eins, utan um íslenska plötu.

Sem sagt, GOTT!!

—GEK

SPEGLUN  
þrumuplata frá Eik

Hljómsveitin Eik sendi frá sér fyrstu hljómplötu sína fyrir síðustu helgi. Hér er um að ræða þrumugóða rokkplötu með sjö lögum, sem utan eitt eru eftir félaga í hljómsveitinni.

Eitt lagið, Stormy Monday, er hins vegar erlent, gamalþekkt, í þryðgðri útsetningu Eikarfélaga en eftir Aaron Walker. Hljómsveitina Eik skipa þeir: Lárus H. Grímsson, hljómborð og flauta, Þorsteinn Magnússon, gítar, Sigurður K. Sigurðsson, söngur, Haraldur Þorsteinsson, bassi og Ólafur J. Kolbeins, trommur.

Það sem vekur mesta athygli við þessa frumraun Eikar í plötutúgáfu eru „instrumental“-lögina á henni. Síðari hlíðin er eingöngu spiluð og er óhætt að segja, að betri tónlist af því tagi hafi ekki komið á hljómplötu íslenskrar hljómsveitar. Sama má segja um spiluðu kaflana í síðasta lagi fyrri hlíðar, Keep on gion'. Skemmtilegur flautuleikur setur svip sinn á þess lög líkt og hjá hljómsveitinni Jethro Tull, þótt að öðru leyti sé engan veginn hægt að líkja þessum tveim hljómsveitum saman.

Lögin á plötunni heita: Stormy Monday, Memories, Funky Beat, Lullaby og Keep on

Goin' á fyrri hlíð, en á seinni hlíð eru aðeins tvö lög, „instrumental“, eins og fyrr er sagt, Hugsýn og Spegln, en platan ber einmitt nafn þessa síðasta lags.

Sem rokkplata er þessi Eikarfrumraun skínandi góð. Byggist að sönnu upp á rokkfrósum að miklu leyti, en þeir félagarnir fara mjög vel með þá. Öll spíla-mennska er mjög góð og þótt flautuleikurinn hafi verið tekinn út úr hér að framan, ber ekki að líta svo á að hann sé að neinu

leyti alráður á þessari plötu, vakti aðeins athygli blaðamannsins. En textarnir eru skelfilegt þrúgl, sérstaklega textinn Funky Beat, sem auk þess að vera fáránlegur í sjálfu sér, á engan veginn við lagið sjálft. — Auk þess fara enskir textar í finu taugarnar á undirrituðum, þegar íslenskar hljómsveitir eiga í hlut.

En í stuttu máli: Þetta er góð plata og þeir sem hafa gaman að góðu rokki ættu að fá sér hana.

—hm

Fyrst á röngunni:

## EKTA HAUKAFLATA



Fyrst á röngunni heitir ný hljómplata sem gefin er út af GB-útgáfunni, en að baki þeirri skammstöfun felast þeir Gunnlaugur Melsted og Birgir Viðar Halldórsson.

Gunnlaugur er söngvari og bassaleikari í hljómsveitinni Haukum en það er einmitt hún sem flytur tónlistina á þessari plötu. Aðrir í hljómsveitinni eru Rafn Jónsson, trommari, Rúnar Þórisson gítaristi og Magnús Kjartansson hljómborðsleikari. Góða aðstoð við upptökuna veittu síðan þeir Rafn Haraldsson trommuleikari og Sven Arve gítarleikari og blásari, en þeir voru báðir félagar í Haukum hér á árum fyrr, auk reyndar Sveins Guðjónssonar sem raddar nokkur lög

Þessi nýja plata þeirra félaga er ekki á neinn hátt tónlistarlegt afrek, enda er það ekki tilgangurinn að sögn þeirra. Þetta er dæmigerð Haukaflata, létt og skemmtileg lög, þokkalega spiluð og umfram allt fjörug. Sem sagt plata sem maður hlustar á sér til skemmtunar en ekki til að „pæla í“. Mætti jafnvel með sanngirni segja að þarna sé á ferðinni kjörin party-tónlist, enda á hún áreiðanlega eftir að seljast sem slík.

Höfundar laga eru nokkrir valinkunnir, Schubert, Ómar Óskarsson, Otis Blackwell, Jóhann G., Magnús Kjartansson, Jóhann Helgason og Lilli Popp, sem mun vera 17 ára náttúrabarn í tónlist vestur á Patreksfirði, að sögn Hauka. Hins vegar vissu þeir ekki hvað hann heitir réttu nafni, þótt ærin ástæða væri til, þar sem lagið hans, Kvartílluklúbburinn, er þryðilegt. Um kveðskapinn sjá Kristinn Kristinsson, Jóhann Helgason, Jóhann G., Magnús Kjartansson og Þorsteinn Eggertsson. Hreint ekki dýr kveðskapur, en glettin og ætlað það hlutverk að bæta geð manna sem hann gerir yfirleitt.

Eins og fyrr segir er hér um hreina Haukaflötu að ræða og það raunar svo mjög að ekki hefur þótt ástæða til að fegra rödd Gunnlaugs Melsted á nokkurn hátt. Enda væri það ekki í Haukastíl að gera rödd hans tæra og það er hún sannarlega ekki.

—HM

Gagnrýnendur velja myndir:

RJÓMINN AF ÍS-  
LENZKRI MYNDLIST?

A laugardag var opnuð nýstárleg listsýning á Kjarvalsstöðum. Listgagnrýnendur völdu 75 listaverk af sýningum liðins árs og settu upp sýningu, þannig að líta má á þessa sýningu sem rjómann af íslenskri myndlist síðasta árs af einka- og samsýningum.

Listamennirnir sem þarna sýna eru 16 og eru 3-7 verk eftir hvern

þeirra. Þeir eru: Gunnar Örn, Kristján Davíðsson, Ragnheiður Ream, Haukur Dór, Hjörleifur Sigurðsson, Asgerður Búadóttir, Sigurjón Ólafsson, Torfi Jónsson, Richard Valtingoier, Þórður Hall, Kristján Kristjánsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Magnús Kjartansson, Karl Kvaran, Jóhannes Geir og Magnús Pétursson.

—hm



Tækni/Vísindi

Leyndardómur Veddel selsins 2.

*Þess og Mannar gefu smíður*

**TRÚLOF-UNAR-HRINGAR**

Fljót afgreiðsla


Sendum gegn póströfu

Guðmundur Þorsteinsson  
gullsmíður  
Bankastræti 12, Reykjavík.

1. Rannsóknir þær sem nú eru gerðar á Veddelseinum snúast aðallega um hæfni hans til þess að vera lengi í kafi súrefnislaus og köfunargetu hans.



2. Vísindamenn frá Skripps hafrannsóknarstofnuninni í San Diego reistu rannsóknarstöð á heimskautið.



3. Vísindamennirnir veiddu seli lifandi, settu á þá sendi og mæltaki og gátu því fylgst með sundhrða og dýpinu sem selirnir voru á.



4. Niðurstöður þessara rannsókna sýndu að dýr þessi eru fær um að gera hluti, sem vísindin geta ekki enn skýrt svo víðunandi sé.

